

Ársskýrsla

Héraðsskjalasafns Svarfdæla

2015



Dalvík 2016

Inngangur

Héraðsskjalasafn Svarfdæla var stofnað 1. júlí 1980 og starfar nú samkvæmt reglugerð sem samþykkt var árið 2002. Ný lög um opinber skjalasöfn voru samþykkt árið 2014 en ennþá hefur ný reglugerð ekki séð dagsins ljós. Nýju lögini komu í stað laga um Þjóðskjalasafn frá árinu 1985. Í nýju lögnum segir m.a.

Héraðsskjalasafn er sjálfstætt opinbert skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Rekstur héraðsskjalasafns er á ábyrgð þess sveitarfélags eða þeirra sveitarfélaga sem að því standa.

Skjalasafnið fellur undir menningarráð sem í sitja Valdemar Viðarsson formaður, Heiða Hilmarsson varaformaður og Kristján E. Hjartarson. Forstöðumaður safnsins er Laufey Eiríksdóttir.

Húsnæðismál og búnaður

Héraðsskjalasafnið er staðsett í kjallara ráðhúss Dalvíkur og er stærð húsnæðis um 130 m². Litlar breytingar hafa orðið á húsnæði safnsins. Komin er vinnustöð fyrir skráningu ljósmynda með nýrri tölvu. Á árinu eignaðist safnið læstar skjalaskúffur og var tekið á móti skjölum sem merkt eru trúnaðarmál í fyrsta sinn. Einnig var keyptur skúffuskápur í lok ársins sem passar við skrifborð skjalavarðar



Sigurlaug Stefánsdóttir við nýja vinnuástöðu ljósmyndasafnsins

Starfsmannamál

Starfshlutfall safnsins var 1,05 árið 2015 og var Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður í 50% starfi og Rósa Þorgilsdóttir í 0,25%. Auk þeirra var Þórdís Hjálmarsdóttir verkefnaráðin í 30% starf og Sigurlaug Stefánsdóttir vann við skráningu ljósmynda í tímavinnu. Yfir sumarið vann Liza Kaplon við safnið meðfram starfi sínu á bókasafninu. Hún sá m.a. um að móta reglur um



Jolanta Piotrowska við vinnu á safninu

móttöku trúnaðarskjala. Jolanta Piotrowska starfsmaður bókasafns sér um einstaka verkefni s.s. að setja upp allar sýningar.

Laufey sótti fjarfund m. Þjóðskjalaverði 16. apríl og haustfund héraðsskjalavarða á Húsavík 1. og 2. október.

Starfsemin á árinu 2015

Áhugahópur um gamlar ljósmyndir

Frá janúar til maí vann myndahópurinn að því að greina og safna ljósmyndum af konum úr Dalvíkurbyggð sem fæddar voru 1830 – 1930. Stefnt var að sýningu um vorið sem einn liður í hátíðahöldum sveitarfélagsins í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Markmið sýningarinnar var að sýna konur fæddar á ákv. árabili sem höfðu átt heima í Dalvíkurbyggð megnið af sínum starfsaldri. Hópurinn fór höndum um c.a. 500 myndir og afraksturinn var sýning 250 einstaklingsmynda af konum undir heitinu **Myndir af ömmu**. Sýningin var frumsýnd 30. apríl í hádegisfyrirlestri bókasafnsins og var síðan opin almenningi í Bergi í nokkra daga. Ennfremur var hún gangandi á sýningartjaldi á skjalasafninu alla virka daga í júní – ágúst frá kl. 13 – 15. Má ætla að á milli 200 – 300 manns hafi séð sýninguna.

Frá september og fram í desember var unnið með myndir úr myndasafni Jónasar Hallgrímssonar sem tengjast samgöngum í sveitarfélaginu. Myndir sem sýna vegabætur,

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

samgöngutæki og fl. Sett var saman sýning sem sýnd var í byrjun desember í hádegisfyrirlestri bókasafnsins. Alls var farið yfir um 250 myndir en aðeins 40 valdar úr og sýndar. Sýningin var síðan upp í eina viku í Bergi og var nokkuð vinsæl.



Sigurlaug, Ása, Sveinn, Gunnar og Gerður í myndagrúski

Þessir störfuðu með myndahópnum á árinu:

Guðlaug Antonsdóttir, Guðlaug Björnsdóttir, Gunnar Jónsson, Arngrímur Kristinsson, Gerður Jónsdóttir, Hafdís Hafliðadóttir, Ingigerður Jónsdóttir, Þorgerður Sveinbjörnsdóttir, Kristjana Vigdís Björgvinsdóttir, Þórdís Hjálmarsdóttir, Jón Halldórsson, Ása Marinósdóttir, Sveinn Jónsson, Sigurlaug Gunnlaugsdóttir.

Vísnavefurinn Haraldur



Enn hefur ekki tekist að virkja áhuga almennings á vísnum og skráningu vísna á Vísnavefinn Harald. Þórdís Hjálmarsdóttir hefur sinnt því verkefni í 30% starfi og um áramót voru höfundar alls orðnir 43, ljóð voru skráð 336 og 311 lausavísur. Þórdís vann ekki aðeins við skráningu ljóða og vísna. Hún safnaði markvíst vísnum eftir ákveðna höfunda, hafði samband við fólk og leitaði uppi vísur og ljóð eftir fólk í Dalvíkurbyggð.. Tímabundnu

starfi Þórdísar lauk um áramótin og er það von okkar að í framtíðinni komi til fjárveiting til að sinna þessu mikilvæga verkefni.

Önnur verkefni á árinu.

Skólanemendur. Hallgrímur Stefánsson nemandi í Menntaskólanum á Tröllaskaga var í starfsnámi í janúar – maí. Verkefni hans voru ýmisleg s.s. að skanna myndir og tölvuskra eftir handriti.

Sýningar í sýningarskáp í anddyri.

Fyrri sýning ársins var sýning í tilefni af 100 ára kosningaafmæli kvenna. Þar voru til sýnis m.a. skjöl sem tilheyra kvenfélögum byggðarlagsins og ýmislegt sem segir frá aðdraganda þess að konur fengu kosningarétt árið 1915

Í október – nóvember var sýning Jóhanns Sæberg frá Siglufirði af líkönum hákarlaskipa Fljótamanna frá 19. öld.

Myndasýningin **Á sjó og í landi** var sýnd í Bergi daglega í heila viku í janúar.



Norræni skjaladagurinn

Að þessu sinni var þema skjaladagsins mjög frjálst undir heitinu **Án takmarka**. Starfsfólk skjalasafnsins ákvað í framhaldi af vinnu myndahópsins og hádegisfyrirlesturs um förufólk að vinna heimasíðu um förukonuna Stuttu-Stínu. [Hér má finna slóðina](#) Síðan vakti talsverða athygli og má nefna að um áramót hafði hún fengið yfir 30 deilingar á fésbók.

<http://2015.skjaladagur.is/2015/11/03/sidasta-forukonan/>

Ljósmyndasafn.

Sigurlaug Stefánsdóttir vann í tímavinnu að því að skrá ljósmyndir í skráningarforritið Fotostation. Er það fyrsti hluti af því ferli að gera ljósmyndir safnsins aðgengilegar á netinu. Í lok ársins voru rúmlega 2000 myndir fullskráðar inn í kerfið og nú þegar er það orðið mikilvægt hjálpartæki við að leita að myndum. Rekstrarstyrkur frá Þjóðskjalasafni stendur undir þessu mikilvæga verkefni en hann er því miður alltof lágur til að vinnan geti verið samfelld. Leitað var eftir styrkjum í nokkra sjóði og fékkst mikilvægur 100 þúsunda króna styrkur frá Menningarsjóði Dalvíkurbyggðar.

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Aðföng og frágangur skjala árið 2015

Árið 2015 var tileinkað skjölum frá konum undir vinnuheitinu **Kallað eftir skjölum kvenna**. Það var greinilegt að það hafði áhrif og þannig komu tvö ljóðasöfn eftir konur til varðveislu á safninu. 14 afhendingar voru ljósmyndir frá ýmsum tímum, þar á meðal um 300 ljósmyndir frá Leikfélagi Dalvíkur.

Alls voru afhendingar á árinu 67. Tímamót urðu í móttöku skjala þegar í fyrsta sinn voru afhent gögn sem flokkast sem trúnaðarmál og varðveitast í læstum skjalaskáp. Þetta voru gögn frá fyrrum Leikbæ og Árskógarskóla. Á árinu var gerð gangskör að því að ganga frá skjölum Dalvíkurbæjar sem legið hafa óskráð. Þannig var gengið frá bréfasafni frá því fyrir 2000.

Afhendingarskrá 2015

Afh.nr	Sá sem afhendir	Gögn sem afhent eru
1.	Óþekktur	Frá félagsmálaráði Dalvíkurbæjar 1979. Fundargerð og tilboð v/ byggingar barnaheimilis
2.	Laufey Eiríksdóttir	Auglýsingar og glæruefni frá sýningum skjalasafnsins 2013 - 2014
3.	Laufey Eiríksdóttir	Auglýsingar, sýningarskrár, dreifibréf, ræða o.fl frá Bergi menningarhúsi
4.	Óþekktur	Kosningabæklingar B og J lista v/ sveitarstjórnakosninga 2014
5.	Friðþjófur Þórarinsson	Ljósmyndir
6.	Óþekktur	Ýmsir ferðapjónustubæklingar frá Dalvíkurbyggð og hefti um sameiningu þriggja hreppa í Dalvíkurbyggð 1997
7.	Óþekktur	Ýmis gögn sem tynst hafa úr öðrum afhendingum. Líftryggingarskírteini frá Sjóvá, veðlán útg af Sparisjóði Svarfdæla
8.	Kristján Ólafsson	Öll gögn Norræna félagsins Dalvíkurdeild. 1975 - 1999
9.	Kristján Ólafsson	Reikningar Ungmennafélags Svarfdæla 2011 og 2013
10.	Kristján Ólafsson	Akka félag safnara - fundargerðarbók 1984 - 1996
11.	Jón Arnar Helgason	Fundargerðarbók Lionsklúbbs Dalvíkur 1999 - 2007
12.	Þóra Vordís Halldórsdóttir	Ljóð eftir Birnu G. Halldórsdóttur og minningarorð um hana.
13.	Kristmundur Bjarnason	Gögn úr fórum Aðalbjargar Jóhannsdóttur, var áður skráð í safnið. Frásagnir af ljósmóður-störfum Guðlaugar Baldvinsdóttir
14.	Stefán Snævarr	Mál frá sáttanefnd Tjarnarumdæmis. Gömul sáttamál

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

15.	Óþekktur	Gamalt efni úr safninu. Úr fórum sr Stefáns B. Kristinssonar á Völlum. Bréf og kvittun
16.	Útgáfunefnd Sögu Dalvíkur	Gamalt efni úr safninu. Undirskriftalistar v/ flutnings þinghúss að Grund 1916
17.	Stefán Snævarr	Gamalt efni úr safninu. Ljósrit úr tímaritum og skrá yfir húsakost og húsráðendur á Dalvík 1936
18.	Arnfríður Friðriksdóttir	Sauðfjárræktarfélagið Vestri - fundargerðarbók
19.	Rúna Sigurðardóttir	Vinnublöð v/ ræstinga í ymsum stofnunum sveitarfélagsins frá 1986 - 1990
20.	Kamila Piotrowska	Fiskidagurinn mikli – tveir tónlistardiskar
22.	Sigríður Hafstað	Dalvíkurbragur e. Harald Zóphoníasson
23.	Sigmar Sævaldsson	Ljósmyndir
24.	Helgi Ásgrímsson	ÚKE Dalvík – ljósmyndir o.fl sem hékk vegg kaffistofu starfsfólks
25.	Kristján Ólafsson	Ljósmyndir komnar frá Helga Garðari Jóhannessyni. Myndirnar flestar teknar á Dalbæ
26.	Margrét Ásgeirsdóttir	Fundargerðir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands og tengjast Dalvíkurbyggð á einhvern hátt
27.	Ása Marinósdóttir	Skrá yfir konur á Árskógsströnd fæddar 1830 – 1930.
28.	Guðbjörg Antonisdóttir	Fundargerðarbók starfsmannafélags Dalvíkurbyggðar 1985 - 2004
29.	Hafsteinn Pálsson	Fundargerðarbók Búnaðarfélags Dalvíkur 1980 - 2006
30.	Ingibjörg Bjarnadóttir	Ljósmynd - fjölskylda
31.	Bæjarskrifstofa	Gögn frá íþróttu-, æskulýðs og menningarfulltrúa 1999 - 2003
32.	Aðalheiður Kjartansdóttir	Ljósmyndir komnar frá Hildi Jóhannsdóttur.
33.	Svanhildur Árnadóttir	Fyrirlestur um Svanhildi Björnsdóttur sem fluttur var í Bergi 30. apríl 2015
34.	Ingibjörg Björnsdóttir	Fyrirlestur um Kristínu Jónsdóttur sem fluttur var í Bergi 30. apríl 2015
35.	Sigurlaug Gunnlaugsdóttir	Fyrirlestur um Önnu Sigurgeirsdóttur sem fluttur var í Bergi 30. apríl 2015
36.	Sigurlaug Stefánsdóttir	Um Björn Björnsson í Sporði (Uppsölum)
37.	Íris Sigurjónsdóttir	13 ljósmyndir sem komið hafa í Hvol
38.	Leikfélag Dalvíkur	Ljósmyndir, kort, vídeóspólur frá sýningum Leikfélags Dalvíkur 1943 - 2000
39.	Haukur Sigfússon	Lionsklúbburinn Hrærekur – líkarnefnd (fundargerðarbók)
40.	Anna Lía Stefánsdóttir	Ljóð eftir Sigrúnu Eyrbekk -
41.	Bjarni Óskarsson	Kvikmyndin Bakka-Baldur – með aukaefni frá Karlakór Dalvíkur
42.	Gunnþór Gunnþórsson	Gögn frá Árskógarskóla 1965 - 2008
43.	Tómas Búi Böðvarsson	Ljósmyndir og ljóðabækur úr búi Kristínar

Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Svarfdæla

		Jóhannesardóttur frá Syðra-Hvarfi í Skíðadal
44.	Kristjana Arngrímsdóttir	CD-diskur Stjarnanna fjöld. Jóladiskur Kristjönu útg. 2014
45.	Sveinbjörn Sverrisson	Ljósmyndir úr dánarbúi Sumarliða Lárussonar. Myndirnar eru teknar 1920 -1950
46.	Gunnþór Gunnþórsson	Gögn frá Leikskólanum Leikbæ 2000 - 2012
47.	Sigríður Ísafold Hákansson	Ljósmyndir tengdar Krossum á Árskógsströnd. Myndirnar eru teknar 1940 - 1960
48.	Sveinn B. Ólafsson	Handrit frá Jóni Sælor, ýmis ljóðmæli. Bréf o.fl frá Siglúvíkur-Sveini
49.	Laufey Eiríksdóttir	Viðtal við Einar Petersen í Kleif. – Ljósrit úr Degi 1990
50.	Jón Emil Ágústsson Gentry	Ljósmyndir úr dánarbúi Sigríðar Jónsdóttur
51.	Emil Einarsson	Kiwanisklúbburinn Hrólfur – annálar 1983 – 1995
52.	Júlíus Kristjánsson	13 ljósmyndir frá því að Byggðasafnið Hvoll er opnað. Samningar o.fl.
53.	Sigríður Hafstað	Ljósmynd
54.	Kristrún J. Sigurðardóttir	Gögn frá bókasafni Árskógarskóla. 1960 - 1981
55.	Ása Marinósdóttir	Saga félags eldri borgara. Tekin saman í tilefni af 25 ára afmæli félagsins
56.	Elín Sigurðardóttir	Öryggisnefnd Dalvíkur – Fundargerðarbók 1968 - 1971
57.	Sigurlaug Gunnlaugsdóttir	Minningarkort og skólaspjald tengt fjölskyldunni á Krossum
58.	Dalvíkurskóli	Gögn sem tilheyra nemendabúð skólans
59.	Þóra Rósa Geirsdóttir	Kór Dalvíkurkirkju. Hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar
60.	Margrét Ásgeirsdóttir	Dalvíkurbyggð. Gögn frá bæjarskrifstofum og ráðum og nefndum bæjarins annað en trúnaðarmál og fundargerðir. 2005
61.	Jón Steingrímsson	Ljósmyndir
62.	Katrín Sigurjónsdóttir	Þorrablótsnefnd Árskógsstrandar 1990 – 2010. Yfirlit og fylgigögn hveftrar nefndar fyrir sig
63.	Bæjarskrifstofa	Bréf frá árunum 1994 – 1998. Raðað eftir málaflokkum (2 öskjur)
64.	Zóphonías Jónmundsson	Gestabækur úr skála vélsleðamanna á Heljardalsheiði nú ferðafélags Svarfdæla. 1991 - 2006
65.	Baldur Þórarinsson	Skólaspjald Húsabakkaskóla 1966-67
66.	Sigurlaug Stefánsdóttir	Ættartala gerð í Utah fyrir Þorstein Svörfuð Stefánsson
67.	Baldur Þórarinsson	Ljósmyndir

Rekstur Héraðsskjalasafns Svarfdæla

Tekjur	- 433.130
Laun og launatengd gjöld	7.522.945
Vörukaup	411.163
<u>Þjónustukaup</u>	<u>2.519.720</u>
Samtals	10.020.698

Dalvík 15. apríl 2016

Laufey Eiríksdóttir forstöðumaður